


Laxeldisstöð ríkisins  
í Kollafirði  
1974.



- |               |                     |
|---------------|---------------------|
| 1. Klakhús    | 5. Eldisskurðir     |
| 2. Eldishús   | 6. Laxakista        |
| 3. Eldishús   | 7. Inntak fyrir lax |
| 4. Útitjarnir | 8. Sjóeldistjörn    |

#### I. Inngangur

Eldisstöðin var stofnsett árið 1961 og hefur uppbygging hennar staðið síðan. Stöðin er tilraunastöð fyrir klak og eldi laxfiska og eru helztu verkefni hennar sem hér segir:

1. Gera tilraunir með klak og eldi laxkynjaðra fiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó.
2. Taka þátt í að reyna nýjar fiskræktaraðferðir.
3. Kenna hirðingu og fóðrun fisks í eldi.
4. Framkvæma kynbætur á laxi og silungi.
5. Ala seiði til sleppinga í ár og vötn.
6. Ala lax og silung til neyzlu.

Stöðin er að hluta rekin á kostnað ríkisins en hefur einnig töluverðar tekjur af seiðasölu og sölu neyzlufisks. Hún hefur sína eigin fjármálastjórn, sem í eiga sæti eftirtaldir menn: Guðmundur R. Oddsson, forstjóri, Jón Sigurðsson, ráðuneyttisstjóri, Sigsteinn Pálsson, hreppstjóri, Svanbjörn Frímannsson, bankastjóri og Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri, sem er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stöðvarinnar.

## II. Aðstaða

Í stöðinni er eftirfarandi útbúnaður í notkun:

1. Klakhús fyrir 3 milljónir hrogna.
2. Eldishús fyrir smáseiði með 40 eldisker úr plasti.
3. Eldishús fyrir stálpuð seiði með 12 steinsteyptar eldisþrær.
4. 6 sniddutjarnir utanhúss fyrir gönguseiði.
5. 6 sniddutjarnir utanhúss fyrir ýmsar stærðir af bleikju.
6. Móttökutjarnir og tilheyrandi laxakista til að taka við laxi, þegar hann kemur úr sjó.
7. Sjóeldistjörn og stórar ferskvatnseldistjarnir niður við sjóinn, tilbúnar vorið 1974.

## III. Starfsemi

Hlutverk eldisstöðvarinnar er fyrst og fremst tilraunastarfsemi, sem er undir umsjón Árna Ísakssonar, fiskifræðings á Veiðimálastofnuninni. Daglegum rekstri stöðvarinnar er stjórnað af Sigurði Þórðarsyni, stöðvarstjóra.

Samhliða tilraunastarfseminni eru alin seiði laxfiska til sölu í ár og vötn, svo og til sleppingar í frárennsli stöðvarinnar með það fyrir augum að fá neyzlufisk til baka eftir 1 - 2 ár.

Helztu rannsóknarverkefni eru sem hér segir:

1. Merking og endurheimta gönguseiða í Kollafirði.
2. Endurbætur á endurheimtu eins árs gönguseiða miðað við tveggja ára seiði.
3. Tilraunir með eldi laxa- og bleikjuseiða í ferskvatni og sjó.
4. Val hæfustu fiskanna til undaneldis.

Eins og búast má við fer seiðaframleiðslan fram með ákveðnu sniði. Með öðrum orðum, seiðin fara eftir vissu kerfi úr einu húsi í annað. Nú mun verða stuttlega gerð grein fyrir hefðbundnu eldi tveggja ára laxaseiða.

### A. Klakhúsið

Hrognin fást úr laxi, sem kemur í laxakistu við botn fjarðarins. Þessi lax er geymdur niður við sjóinn yfir sumarið og fluttur í hús í september. Hrognin eru tekin í okt-nóv og sett í klakhúsið. Þau eru ýmist sett í klakskápa eða klakrennur. Miðað við eðlilegt hitastig klakvatnsins (2-4°C) eru þau augnhrogn í febrúar og klekjast út í lok marz. Seiðin sem á þessu stigi eru kölluð kviðpokaseiði lifa á kviðpokanum í 1 1/2 mánuð unz fóðrun þeirra hefst í maí.

### B. Nýja Eldishúsið

Fóðrun seiðanna hefst við fremur hátt hitastig (12°C). Þessu hitastigi er náð með upphitun lindarvatnsins um 8°C með heitu vatni, sem fæst úr borholu á staðnum. Upphitunin skeður í gegnum forhitara en ekki með beinni blöndun, sem hefur reynst skaðleg fyrir fiskinn. Upphitaða eldisvatnið hefur tilhneigingu til að vera yfirmettað af súrefni, sem veldur augnskaða á fiskinum, ef ekkert er að gert. Af þessum sökum hefur verið komið fyrir blásara í enda eldishússins til þess að lofta vatnið áður en það er leitt niður í eldiskerin.

Við upphaf fóðrunar eru látin ca 20.000 seiði í hvert eldisker en 40 slík ker eru í húsinu. Ekki vantar því rými til að byrja með þó um 300.000 seiði sé að ræða, en seiðin vaxa ört og brátt þarf að flokka seiðin eftir stærðum og grisja í kerjunum. Sjálfvirkir fóðrarar gefa þurrfóður, sem ýmist er sænskt (Ewos) eða íslensk framleiðsla (FiFó). Íslenska verk-smiðjan hefur enn sem komið er átt í nokkrum erfiðleikum með að anna fóðurþörf stöðvarinnar.

Seiðadauði er fremur hár í byrjun fóðrunar og má reikna með 30% dauða á fyrstu tveimur mánuðum. Seinni part sumar fer að verða mjög þröngt um seiðin í þessu eldishúsi og er þá byrjað að flytja hraðvöxnustu seiðin í eldishús með stærri eldiseiningum úr steinsteypu.

### C. Gamla Eldishúsið

Þegar seiðin fara í þetta eldishús eru þau venjulega orðin 5 grömm að þyngd. Mögulegt er að hafa um 10.000 seiði í hverri

þró, allt upp í 30 gramma seiði. Það er því ekki óalgengt að hér séu um eða yfir 100.000 seiði. Seiðin eru geymd hér fyrsta veturinn og ekki er nauðsynlegt að þau vaxi mjög mikið þann tíma ef þau eiga að vera tvö ár í stöðinni. Á öðru eldissumri er reynt að flýta vextinum svo seiðin séu 40-50 grömm í september. Þetta er venjulega ekki erfitt ef hægt er að hafa góðan hita því við beztu aðstæður geta laxaseiðin tvöfaldað þyngd sína á einum mánuði. Í september þurfa seiðin að víkja fyrir næsta árgangi og eru sett í sniddutjarnir utanhúss.

#### D. Útitjarnir

Rannsóknir hafa leitt í ljós að laxaseiðin þurfa eðlileg ljósaskifti í ca 1/2 ár áður en þau ganga í sjó. Þetta er ein aðalástæðan fyrir því að seiðin eru sett í útitjarnir í staðinn fyrir að hafa þau innanhúss, þar sem auðvelt er að fylgjast með þeim og baða þau til að losa þau við sníkjudýr, ef þörf er á. Mataræði seiðanna breytist nokkuð, því nú er að hluta farið að gefa þeim hakkaða loðnu blandaða rækjuskel.

Seiðin eru höfð í útitjörnum fram í lok maí árið eftir og er þá sleppt beint úr tjörninni í lækina, sem renna til sjávar. Þetta hefur reynst vel, þar sem öll meðhöndlun laxaseiða á göngutíma er óæskileg. Seiðin eru venjulega 13-17 cm löng við sleppingu.

Sjávangöngu seiðanna er lokið um miðjan júní og þá líður eitt ár unz þau fyrstu fara að birtast í frárennsli stöðvarinnar sem fullvaxnir laxar. Um 90% af laxi, sem kemur í stöðina er aðeins eitt ár í hafinu. Endurheimta merktra tveggja ára seiða hefur verið frá 4-10% á ári síðastliðin 4 ár. Endurheimta ómerktra seiða er að minnsta kosti tvöfalt hærri.

Mesta laxaganga í stöðina var árið 1970, en þá gengu 4.200 laxar upp í móttökutjarnirnar. Árið 1973 gengu tæplega 2.000 laxar upp sem er mesta magn sem gengið hefur miðað við heildarseiðasleppingu.

Hér að framan hefur verið gert mjög stuttlega grein fyrir starfsemi Eldisstöðvarinnar og má búast við að upplýsingarnar séu engan veginn tæmandi fyrir suma gesti stöðvarinnar. Starfsmenn stöðvarinnar munu veita viðbótarupplýsingar eftir því sem kostur er á.